Reykjavík

[Logo frístundamiðstöðvar]

# Félagmiðstöðin Vígyn

## Starfsáætlun 2026-2027



**Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:**
Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

LÁTUM DRAUMANA RÆTAST

# Efnisyfirlit:


Inngangur ..... 3
Innra mat 2025-2026 ..... 3
Umbótaáætlun 2026-2027 ..... 3
Þróunarverkefni og áherslur starfsársins ..... 4
Helstu dagsetningar ..... 4
- Ágúst ..... 4
- September ..... 4
- Október ..... 4
- Nóvember ..... 4
- Desember ..... 4
- Janúar ..... 4
- Febrúar ..... 4
- Mars ..... 4
- Apríl ..... 4
- Maí ..... 4
- Júní ..... 4
- Júlí ..... 4


## Inngangur

Í þessari aðgerðaráætlun er fjallað um innra mat félagsmiðstöðvar Vígyn auk þess sem tilgreindir eru viðburðir og dagsetningar í hverjum mánuði sem skiptir máli í starfinu.

Markmið með innra mati er að efla árangur og gæði frístundastarfs. Metið er út frá útgefnum Viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum frístundastarfs Reykjavíkurborgar og áherslum frístundamiðstöðvar þar sem vísbendingar sem þykja framúrskarandi eða mjög góðar eru taldar til styrkleika en vísbendingar sem fá einkunnina ábótavant eða óviðunandi fara í umbótaáætlun. Niðurstöður viðhorfskannana eru ávallt rýndar í innra mati.

## Innra mat 2025-2026

Styrkleikar og tækifæri byggt á niðurstöðum úr innra mati síðasta árs og unnið út frá matsblöðum fyrir áherslubætti innra mats.

### Styrkleikar (vísbendingar sem fá A)

- Skipulega er unnið með lýðræði í starfi með börnum og unglingum og þau hvött til að koma með eigin hugmyndir að dagskrá. Þau fá tækifæri og stuðning til að hrinda eigin hugmyndum í framkvæmd.
- Lýðræðislega er valið í félagsmiðstöðvaráð og önnur ábyrgðarhlutverk.
- Starfsumhverfi er án aðgreiningar og einkennis af hlýju, öryggi og virðingu.
- Lögð er áhersla á forvarnar-, menntunar og/eða afþreyingargildi við dagskrárgerð í félagsmiðstöðinni.
- Reglulega eru haldnir viðburðir (s.s. ferðir, sýningar, keppnir, böll, þemakvöld og heimsóknir).
- Forstöðumaður hittir skólastjórnendur reglulega til samráðs vegna sameiginlegra málefna.
- Forstöðumaður/stjórnendateymi hvetur starfsfólk markvisst til að nýta styrkleika sína, hæfileika og sérþekkingu í starfi.
- Við ráðningu nýrra starfsmanna er hugað að fjölbreytileika í starfsmannahópnum.
- Starfið og dagskráin er kynnt börnum, unglingum, foreldrum og starfsfólki (s.s. með tölvupósti, á samfélagsmiðlum og/eða kynningarfundum).

### Tækifæri (vísbendingar sem fá C eða D)

## Umbótaáætlun 2026-2027

| **Heiti aðgerðar: Jákvæð hópamenning** | |
|---|---|
| **Umbótaþáttur/matsþáttur** | Félagsfærni, þátttaka og uppbyggileg samskipti. |
| **Tækifæri til umbóta.** | Í daglegu starfi hafa komið fram vísbendingar um að þörf sé á að efla jákvæð samskipti, samkennd og jákvæða hópamenningu meðal nemenda í 8. bekk. Nemendur sækja félagsmiðstöðina reglulega, sem skapar góð tækifæri til að vinna markvisst með félagsfærni, þátttöku og uppbyggileg samskipti. |
| **Aðgerðir til umbóta.** Hvernig á að framkvæma það? | Lögð verður áhersla á að styrkja félagsleg tengsl, efla virka þátttöku nemenda og skapa vettvang þar sem unnið er með jákvæð samskipti, virðingu og samvinnu. |

| | |
|---|---|
| | Stofnaður verður hópur fyrir nemendur í 8. bekk þar sem unnið verður með verkefni og umræður sem stuðla að jákvæðum samskiptum, félagsfærni, samkennd og aukinni þátttöku. Hópurinn verður einnig vettvangur fyrir nemendur til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og hafa áhrif á starfið í Vígyn. |
| **Ábyrgð** | Kristín Lilja Valgarðsdóttir |
| **Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?** | Verkefnið hófst í byrjun október og er áætlað að standa fram að jólum. |
| **Hvenær og hvernig á að endurmeta?** Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn) | Verkefnið verður metið í desember með samtölum við þátttakendur, mati starfsmanna og yfirferð á þátttöku og virkni hópsins. Á grundvelli niðurstaðna verður tekin ákvörðun um framhald eða breytingar á fyrirkomulagi verkefnisins. |
| **Viðmið um árangur.** Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði | Að þátttakendur<br>- upplifi jákvæð og uppbyggileg samskipti innan hópsins.<br>- sýni aukna þátttöku og virkni í starfinu.<br>- upplifi félagsmiðstöðina sem öruggt og styðjandi umhverfi.<br>Að vísbendingar séu um aukna samvinnu, virðingu og jákvæð samskipti meðal þáttakenda. |

## Þróunarverkefni og áherslur starfsársins

út frá Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 og Almennum aðgerðum menntastefnu Reykjavíkur 2025-2027.

**8. bekkjar hópastarf:** Vinna þarf markvisst með hóp í 8.bekk með það að markmiði að efla jákvæð samskipti, samkennd og félagslega þátttöku. Hópurinn hittist 3-4 sinnum í mánuði þar sem lögð verður áhersla á að styrkja tengsl, skapa traust og efla virðingu fyrir ólíkum sjónarmiðum og þörfum. Verkefnið styður við að þátttakendur upplifi sig velkomna og geti tekið þátt í starfinu í vígyn á eigin forsendum.

**10. bekkur** Lögð hefur verið sérstök áhersla á að styðja við öflugan hóp nemenda í 10. bekk með reglulegu hópastarfi utan hefðbundins opnunartíma. Markmiðið er að efla þátttöku, ábyrgð og leiðtogahæfni hópsins og skapa vettvang þar sem nemendur geta haft jákvæð áhrif á félagslíf. Með virku samstarfi við hópinn er leitast við að styrkja jákvæðan skólabrag.

## Helstu dagsetningar

### Ágúst
Skólaseting 24.ágúst
Fyrsta opnun 26.ágúst

### September
Starfsdagur
Súpufundur með foreldrum
Brúarleikar
Brúarleikaball

### Október
Félagsmiðstöðvardagurinn
Gistinótt
Vetrarfrí
Landsmót Samfés

### Nóvember
Skrekkur
Desember
Jólaball Víkurskóla og Vígyn

### Janúar
### Febrúar
Vika 6
Söngkeppni Brúarinnar

### Mars
Danskeppni Samfés
Stíll

### Apríl
Árshátíð
Skíðaferð

### Maí
Samfest
Hinsegin vika

### Júní
Sumarstarf
Útskrift

### Júlí
Sumarstarf